

einu sinni, nema framkvæma þurfi auka eftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald, sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir öryggiseftirlit ríkisins.

3. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkv. gjaldskrá þessari, til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því, sem með þarf.

4. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækja eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda, að takast ferð á hendur vegna slíkrar umsagnar, skal eigandi greiða ferðakostnaðinn.

5. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 45. gr. laga nr 23, 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 233 30. desember 1952, fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum, og auglýsing nr. 16 5. febrúar 1955.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 18. janúar 1964.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. janúar 1964. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Vísindasjóðs Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur til minningar um Þórð Sveinsson, lækni, og Þórð Úlfarsson, flugmann.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að örva og styrkja vísindalegar athuganir, rannsóknir og tilraunir, er fari fram í sjúkrahúsinu eða í náinni samvinnu við það.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 150000.00.

4. gr.

Sjúkrahúsnefnd borgarinnar stjórnar sjóðnum, en tilnefna skal hún með sér í stjórn sjóðsins einn ættingja Þórðar Úlfarssonar og einn til vara, og skulu niðjar að öðru jöfnu ganga fyrir. Stjórn sjóðsins skal afla honum tekna með venjulegum hætti, er tíðkast um slíka sjóði, og kynna starfsemi hans.

5. gr.

Borgarsjóður greiðir árlega næstu 10 ár framlag til sjóðsins. Framlag hvert ár skal nema sem svarar þeirri fjárhæð, sem sjóðurinn vex við peningagjafir og vaxta-tekjur. Framlög borgarsjóðs skulu þó aldrei nema meira en kr. 100000.00 að meðaltali árlega.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Reykjavíkurborgar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé skuli úthluta hverju sinni, en úthlutun má nema allt að 90% þess, sem sjóðurinn hefur vaxið frá síðustu úthlutun.

Fyrsta úthlutun skal fara fram á aldarafmæli Þórðar Sveinssonar 20. desember 1974, en síðan til skiptis 14. júní og 20. desember eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað á öruggan hátt í banka, sparisjóði eða tryggjum skuldabréfum.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúð, þegar um er að ræða ungt fólk, sem er að eignast sína fyrstu íbúð. Starfsmenn Loftleiða hf., skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um slík lán. Vextir af slíkum lánum skulu vera hæstu lögleyfðir vextir á hverjum tíma, en lánskjör skulu að öðru leyti ákveðin af stjórn sjóðsins.

8. gr.

Ef stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt að breyta einstökum ákvæðum skipulags-skrár þessarar, er henni það heimilt, enda séu stjórnarmenn allir sammála um breytinguna. Slík breyting tekur ekki gildi, fyrr en hún hefur hlotið samþykkt borgarstjórnar.

Megintilgangi sjóðsins má þó aldrei breyta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 19. desember 1963.